

**Sp.**

**85. Tillaga til þingsályktunar**

**[53. mál]**

um olíueinkasölu ríkisins.

Flm.: Alfreð Gíslason, Björn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni undirbúning löggjafar um olíueinkasölu ríkisins. Verði sérstaklega athugað, hvort heppilegt mundi vera, að ríkið hefði fyrst í stað aðeins heildsölu olíunnar með höndum, en tæki síðar að sér olíuverzlunina alla. Skal undirbúningi hraðað svo, að ríkisstjórnin geti lagt fram frumvarp til laga um olíueinkasölu ríkisins og það hlotið afgreiðslu á því þingi, sem nú situr.

**Greinargerð.**

Á undanförnum árum hafa hvað eftir annað risið harðar stjórnmaladeilur um olíumálin. Í þessum deilum hefur sannazt, að þeir aðilar, sem innkaup og sölu á olíum hafa annazt, hafa dregið til sín milljónafúlgur umfram það, sem hóflegt og eðlilegt getur talizt, og stundum raunar með algerlega ólögætum hætti. Nú um skeið hefur að vísu allríkt eftirlit verið með verðlagningu olíunnar og borið verulegan árangur til bóta, en þó eru enn um það mjög skiptar skoðanir, hvort hagsmunir þeirra, sem olíurnar nota, en það eru fyrst og fremst höfuðatvinnuvegirnir, verði að fullu tryggðir með verðlagseftirliti einu saman.

Það er skoðun flm., að ríkiseinkasala á öllum tegundum olíu mundi tryggja notendum hennar sannvirði miðað við tilkostnað við innkaup og dreifingu, en að þann tilkostnað mætti lækka til mikilla muna með einu dreifingarkerfi, sem þá kæmi í stað þriggja eða jafnvel fleiri, sem nú eru að verulegu leyti að þarflausu rekin. Þá yrði og fyrst kleift að stöðva áframhald hemjulausrar og skaðlegrar fjárfestingar, sem hið margfalda dreifingarkerfi hefur leitt af sér og velt hefur verið með óhæfilega háu verðlagi yfir á atvinnuvegi þjóðarinnar.

Með tilliti til þess, að ríkið sjálft hefur nú eitt með höndum heildarinnkaup á öllum brennsluolíum, sem til landsins eru fluttar, virðist það algert lágmark sjálfsagðra aðgerða, að það taki einnig í sínar hendur alla heildsölu á þeim. Því þykir flm. rétt að gera ráð fyrir þeim möguleika sem fyrsta spori í rétta átt, ef svo kynni að reynast, að meiri hluta Alþingis og ríkisstjórn þætti í of mikið ráðizt að taka alla sólumeðferð og dreifingu olíunnar í hendur ríkisins þegar í stað.

Verðlag á olíum er einn af mikilvægustu þáttum efnahagsmálanna og mótur rekstrarafkomu höfuðatvinnuveganna og þá alveg sérstaklega sjávarútvegsins að mikilsverðum hluta. Það er því þjóðarnauðsyn, að notendur fái þessar vörur í hendur við lægsta hugsanlegu verði. En til þess að svo megi verða, er stofnun einkasölu á vegum ríkisins eina færa leiðin.